

AUGLÝSING

um breytingar á reglum nr. 529/1996 um innkaup og sölu tóbaks og skilmálum í viðskiptum birgja.

„Um sérpantanir“ orðist svo:

ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá fyrir einstaklinga til eigin neyslu gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fánæg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar.

Við kaflann „Skilmálar í viðskiptum við birgja“ bætist nýr töluliður er orðist svo:

10. Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 15 mgr. Frá og með 1. janúar 1998 má vindlingur ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 12 mgr. Gert er ráð fyrir að í náninni framtíð verði leyfilegt hámarksmagn tjöru lækkað.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 20. mars 1997.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Hildur Petersen Árni Tómasson Þórarinn Sveinsson.

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Fjármálaráðuneytinu, 25. mars 1997.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 207

25. mars 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar.

1. gr.

1. og 2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóra, að veiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til refa- og minkaveiða árlega. Svæði sem hér um ræðir eru tilgreind í 2. viðauka. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarfélög fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón veiðanna.

Telji sveitarstjórn og veiðistjóri ekki þörf á að stunda refa- og minkaveiðar á hluta þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. viðauka er þeim heimilt með samþykki umhverfisráðherra að gera með sér samkomulag um takmörkun veiða á svæðinu.

2. gr.

1. og 2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Á grenjatíma, sem telst vera frá 1. maí til 31. júlí, eru refaveiðar eingöngu heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til refaveiða skv. 4. gr. Þó geta bændur og æðarræktendur eða

Endurprentað blað.